



Council of Europe
The Secretary General

Formáli

Mannréttindi eru réttindi sem allir menn njóta einfaldlega vegna þess að þeir eru manneskjur. Mannréttindi er hvorki er hægt að framselja né deila niður. Eitt meginverkefni 21. aldar er að tryggja að allir njóti mannréttinda, sama hvar í heiminum þeir búa. Á síðustu árum hafa orðið mikilvægar framfarir á þessu sviði í alþjóðlegu samhengi.

Mannréttinasáttmáli Evrópu, sem er samningur unninn að tilstuðlan Evrópuráðsins, er álitinn eitt áhrifaríkasta tæki í heimi til að tryggja mannréttindi í tilteknum heimshluta. Ísland gerðist aðildarríki að Evrópuráðinu í mars 1950 og undirritaði við það tækifæri Mannréttinasáttmála Evrópu, en það var skilyrði fyrir aðild. Samningurinn var staðfestur af Alþingi Íslendinga í júní árið 1953. Þetta þýðir að allir, sama af hvaða þjóðerni eða uppruna þeir eru, njóta verndar á grundvelli samningsins sem Evrópudómstóllinn sér um að framfylgja.

Ekki er þó hægt að verja mannréttindi á lagalegum grunni einum saman. Þess vegna hefur Evrópuráðið einnig unnið að því að hvetja til dáða samfélög og yfirvöld sem fara með mannréttindamál um heim allan og vinna að því að fyrirbyggja óréttlæti, kúgun og mismunun.

Evrópuráðið hefur frá árinu 2000 tekið þátt í samevrópsku æskulýðsverkefni um mannréttindafræðslu og -menntun (European Youth Programme on Human Rights Education). Handbókin KOMPÁS, sem var samin af þverfaglegu alþjóðlegu teymi, er stór liður í þessu verkefni. Þessi handbók hefur ekki að geyma tilbúnar lausnir til að koma í veg fyrir mannréttindabrot. Í henni er hins vegar að finna hugmyndir að fjölbreyttum og skapandi leiðum sem ungt fólk og þeir sem með því starfa, undir hatti formlegrar jafnt sem óformlegrar menntunar, geta farið og unnið að til að taka á vanda tengdum mannréttindum hvar sem hann kann að koma upp.

Útgáfa þessa fyrsta heildstæða kennsluefnis á íslensku um mannréttindafræðslu og menntun fyrir ungt fólk hefur orðið möguleg með vinnu og stuðningi Námsgagnastofnunar og menntamálaráðuneytisins sem hafa fylgt eftir stefnu og hugsjón Evrópuráðsins. Ég vil þakka útgefendum og þeim stofnunum og félagasamtökum sem hafa verið og munu verða boðberar þeirra skilaboða sem KOMPÁS flytur. Það krefst stuðnings hvorrar einustu manneskju að standa vörð um mannréttindi.

Terry Davis
Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins